

BLÁTT ÁFRAM!

Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á íslenskum börnum

Reykjavík, 1. nóvember 2006

Allsherjarnefnd
Alþingi

Fyrning saka.
Nr. 19 12 (kynferðisbrot)

Framlagt lagafrumvarp viðurkennir verulega sérstöðu kynferðisafbrotá gegn börnum. Hins vegar er mikilvægt að ítreka að þolendur leita sér oft aðstoðar löngu eftir að brotið átti sér stað. Gerandinn á ekki að hagnast að þeim aðstöðumun sem er á honum og þolandanum.

Fyrning á kynferðisafbrotum gegn börnum er bæði í senn óeðlileg og óréttlát. Til eru dómur þar sem gerandi er fundinn sekur um kynferðisafbrot gegn börnum en fær hins vegar sýknum vegna fyrningar.

Blátt áfram forvarnarverkefnið telur að með afnámi fyrningarfresta á kynferðisafbrotum gegn börnum sé stigið mikilvægt skref til réttlætis fyrir fórnarlömb þessara skelfilegu glæpa sem kynferðisafbrot gegn börnum eru.

Því miður geta börn ekki kært þegar þau eru ung. Þau treysta á fjölskylduna sína en því miður er það alltof algengt að maðurinn sem gefur þeim að borða og húsnæði er sami og misnotar þau.

Börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi hafa litla möguleika á að kæra gerandann að eigin frumkvæði. Finnst okkur miður hvað fá mál fara fyrir dómstóla og enn færri gerendur fá dóm fyrir brot sín.

Þessi brot eru álíka og morð. Sálarmorð verður á barninu og í flestum tilvikum nær barnið sér aldrei að fullu. Barnið á mjög erfiða æsku, síðan taka við flókin unglingsár og enn verri fullorðins ár. Mikil höfnum er af hálfu samfélagsins þegar gerandinn gengur laus og lítið aðhafst í því að taka hann úr umferð. Það þarf að dæma hann í langa fangelsisvistun og jafnframt að dæma þessa gerendur í meðferð með fangelsisvistinni. Það ætti í rauninni að vera fagnaðarefni í hvert skipti sem lögð er fram kæra um kynferðislegt ofbeldi. Því yfirleitt hafa þessir gerendur ekki bara misnotað þetta barn heldur fjölmörg önnur til viðbótar. Að baki 70% þeirra sem misnota börn kynferðislega eru 1-9 fórnarlömb. 20-25% hafa misnotað 10-40 börn.

www.darkness2light.org


Blátt áfram forvarnarverkefni, Suðurlandsbraut 24, 3 hæð, 108 Reykjavík
Sími: 354 893 2929, Heimasíða: www.blattafram.is, blattafram@blattafram.is

BLÁTT ÁFRAM!

Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á íslenskum börnum

Að upplifa eða þá að vera vitni að ofbeldi sem barn veldur sálrænu áfalli sem kemur fram sem líkamlegur og eða andlegur/sálrænn sjúkdómur á efri árum. (www.cestudy.org)

Fh. Blátt áfram forvarnarverkefnisins



Sigríður Björnsdóttir
Verkefnisstjóri